

# SAMÞYKKT

## um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

### I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

##### 1. gr.

###### *Skipan sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar er skipuð 7 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

##### 2. gr.

###### *Sjálfstætt stjórnvald.*

Hvalfjarðarsveit er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

##### 3. gr.

###### *Verkefni sveitarfélagsins.*

Hvalfjarðarsveit annast þau lögmæltu verkefni sem sveitarfélaginu eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Hvalfjarðarsveit vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Hvalfjarðarsveit er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa sveitarfélagsins, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

### II. KAFLI

#### Um sveitarstjórn.

##### 4. gr.

###### *Hlutverk sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

##### 5. gr.

###### *Verkefni sveitarstjórnar.*

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða framkvæmdastjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarstjórnar, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarstjórnar reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

*Ný sveitarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

*Kjör oddvita og varaoddvita.*

Á fyrsta fundi kys sveitarstjórn oddvita og einn varaoddvita. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skjal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita.

### III. KAFLI

#### **Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.**

8. gr.

*Fundir sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í stjórnsýsluhúsinu við Innrimel 3, tvisvar sinnum í hverjum mánuði, í annarri og fjórðu viku hvers mánaðar, á þeim tíma sem sveitarstjórn ákveður í upphafi kjörtímabils. Aukafundi skal halda þegar oddviti eða framkvæmdastjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

Auglýsa skal fundi sveitarstjórnar á vef sveitarfélagsins með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og tilgreina þar dagskrá fundar.

9. gr.

*Boðun sveitarstjórnarfunda.*

Framkvæmdastjóri boðar fundi. Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

## 10. gr.

*Dagskrá sveitarstjórnarfundar.*

Framkvæmdastjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar, varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu framkvæmdastjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og framkvæmdastjóri eða oddviti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það framkvæmdastjóra skriflega, með tveggja virkra daga fyrirvara, til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

## 11. gr.

*Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.*

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sama tímafrests og við á um sveitarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

## 12. gr.

*Opnir fundir sveitarstjórnar.*

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

## 13. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

## 14. gr.

*Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.*

Sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis

sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Rafræn þátttaka í fundi skal bundin við sérstök undantekningartilfalli, sem neyðarráðstöfun.

## 15. gr.

*Tvær umræður í sveitarstjórn.*

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

## 16. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.*

- a. *Fundarstjórn.* Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lög-  
mæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.  
Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega  
bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.  
Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar  
um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar  
sveitarstjórnar.
- b. *Vald oddvita.* Skyld er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna varðandi það að gætt  
sé góðrar reglu.  
Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti  
víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við sveitarstjórn  
að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.  
Ef sveitarstjórnarmaður hlýðnast ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal  
oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.  
Ef áheyrandi á sveitarstjórafundum raskar fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal.  
Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita í fundarsal sveitarstjórnar.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um  
nema sveitarstjórn eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið  
mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að  
taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitar-  
stjórnarmanna þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi framkvæmdastjóra.* Framkvæmdastjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og  
tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitar-  
stjórnar.  
Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu menn  
taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að  
ræða framkvæmdastjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta  
athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs  
ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.  
Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita.  
Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni.  
Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að  
ræða.  
Ekki má lesa upp prentað mál nema oddviti leyfi.

- g. *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Framkvæmdastjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Framkvæmdastjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. *Ræðutími.* Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum þessarar greinar.
- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókaðar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Við atkvæðagreiðslu er bókað með skýrum hætti hvernig sveitarstjórnarfulltrúar greiddu atkvæði sín. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.
- l. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 17. gr.

*Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 18. gr.

*Varamenn í sveitarstjórn.*

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar óbundinni kosningu taka varamenn sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar hlutbundinni listakosningu, eða listi hefur verið sjálfkjörinn, taka varamenn af lista aðalfulltrúa sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

Ef framboðslisti hefur verið borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um að varamenn listans, sem eru úr sama stjórnsmálaflokki eða samtökum og aðalmaður, taki sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn varamaður af viðkomandi lista í sama stjórnsmálaflokki eða samtökum og sá aðalfulltrúi sem í hlut á taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum. Hér skal ávallt miðað við stöðu viðkomandi á þeim tíma er kjör til sveitarstjórnar fór fram.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils.

## IV. KAFLI

**Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

## 19. gr.

*Skyldur sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 20. gr.

*Réttur sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

## 21. gr.

*Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski sveitarstjórnarmaður gagna sem liggja fyrir í stjórnsýslu sveitarfélagsins skal beina því til framkvæmdastjóra. Sveitarstjórnarmaður á alla jafnan rétt á að fá afrit gagna máls. Séu gögn undan-

Þegin upplýsingarétti almennings er sveitarstjórnarmanni óheimilt að taka af þeim afrit eða fara með þau af skrifstofu sveitarfélagsins.

## 22. gr.

*Siðareglur og góðir starfshættir.*

Sveitarstjórn er heimilt að setja sér og öðrum kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins siðareglur. Markmiðið með siðareglum skal vera að gefa greinargott yfirlit og leiðbeina kjörnum fulltrúum um skyldur sínar og góða starfshætti. Siðareglurnar skulu byggja á ákvæðum samþykktar þessarar, sveitarstjórnarlögum og stjórnsýslulögum eftir því sem við á, ásamt góðum starfsháttum. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur. Sveitarstjórn er heimilt að setja öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins siðareglur.

## 23. gr.

*Lausn frá störfum.*

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 24. gr.

*Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi.

Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í sveitarstjórn muni taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

## 25. gr.

*Þóknun o.fl.*

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

## 26. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

## V. KAFLI

**Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar.**

## 27. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 28. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að nefnd fyrir hluta sveitarfélagsins sé kosin af íbúum viðkomandi hluta þess að uppfylltum skilyrðum 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

## 29. gr.

*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti. Nefnd sem vill vísa máli til sveitarstjórnar



skal hafa skilað samþykkt um það í frágenginni fundargerð með tveggja virkra sólarhringa fyrirvara fyrir sveitarstjórnarfund.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

## 30. gr.

*Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

## 31. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

## 32. gr.

*Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## 33. gr.

*Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

## 34. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefna-legalar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

## 35. gr.

*Áheyrnarfulltrúar.*

Hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í fastanefnd er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar. Þetta á þó ekki við um barnaverndarnefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

## 36. gr.

*Þóknun.*

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

## 37. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

## 38. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.*

Sveitarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

## 39. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.*

Sveitarstjórn kys fulltrúa í eftirtalдар nefndir, ráð, stjórnir og embætti á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

**Fastanefndir.**

1. *Menningar- og markaðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Menningar- og markaðsnefnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla og önnur þau verkefni sem tengjast þeim og undir nefndina falla. Um er að ræða málefni bókasafna skv. ákvæðum bókasafnalaga nr. 150/2012 og málefni héraðsskjalasafns, sbr. lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, málefni félagsheimila, sbr. ákvæði laga um félagsheimili nr. 107/1970, málefni byggðasafns, sbr. ákvæði safnalaga nr. 141/2011, málefni húsaverndar og verndun menningarminja, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Að auki skal nefndin hlutast til um og móta tillögur til sveitarstjórnar um ferða-, markaðs- og kynningarmál fyrir Hvalfjarðar-sveit auk menningarmála og listviðburða.
2. *Fjölskyldu- og frístundanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fjölskyldu- og frístundanefnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða verkefni félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, jafnréttismál skv. 13. gr. laga um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020, verkefni á sviði húsnæðismála, sbr. ákvæði laga um húsnæðismál nr. 44/1998, ákvæði laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016 og laga um almennar íbúðir nr. 52/2016, málefni fatlaðs fólks samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, málefni aldraðra, sbr. ákvæði laga nr. 125/1999, málefni innflytjenda, sbr. ákvæði laga nr. 116/2012, verkefni v/daggæslu í heimahúsum, sbr. reglugerð nr. 907/2005 auk verkefna á sviði forvarna. Fjölskyldu- og frístundanefnd hefur umsjón með styrkveitingum og samskiptum sveitarfélagsins við einstaklinga og félög vegna frístundamála. Fjölskyldu- og frístundanefnd fylgist með að starfsemi íþrótt- og æskulýðsstarfs sé samkvæmt ákvæðum æskulýðsлага nr. 70/2007. Fjölskyldu- og frístundanefnd skal hlutast til um mótun, setningu og endurskoðun forvarnarstefnu og skipulag forvarnarstarfs. Fjölskyldu- og frístundanefnd hefur umsjón með frístunda- og íþróttamálum á vegum sveitarfélagsins, m.a. skoðun á framboði tómstunda- og félagsstarfs í sveitarfélaginu. Fjölskyldu- og frístundanefnd hefur umsjón með rekstri vinnuskóla í Hvalfjarðarsveit og íþróttamannvirkjum og sundlaugum sem falla undir umsjón frístunda- og menningarfulltrúa sveitarfélagsins.
3. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fræðslunefnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða verkefni skólaneftndar skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, umsjón og eftirlit með framkvæmd skólaaksturs, sbr. ákvæði reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 605/2012. Fræðslunefnd skal, eftir því sem við á, fylgjast með málefnum er varða framhaldsskóla og sveitarfélög. Fræðslunefnd hefur umsjón með starfsemi félagsmiðstöðva og annarrar frístundaaðstöðu sem fellur undir umsjón skólastjóra. Fræðslunefnd skal fylgjast með og meta reglulega þörf fyrir rekstur frístundaheimilis, sbr. ákvæði 33. gr. og 33 gr. a. grunnskólalaga nr. 91/2008.
4. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021.
5. *Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða verkefni skipulagsneftndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, náttúruvernd skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, laga um landgræðslu nr. 155/2018, úrgangsmál samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, verkefni skv. ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, verkefni skv. umferðarlögum nr. 77/2019, yfirstjórn fjallskilamála skv. lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, umsjón með refa- og minkaleyðingu skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, umsjón og ráðgjöf um búfjárgirðingar, skv. girðingarlögum nr. 135/2001, dýraeftirlit, sbr. ákvæði laga um velferð dýra nr. 55/2013.
6. *Mannvirkja- og framkvæmdaneftnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Mannvirkja- og framkvæmdaneftnd fer með verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Mann-

virkJa- og framkvæmdanefnd hefur umsjón með öllum mannvirkjum sveitarfélagsins, er sveitarstjórn ráðgefandi um atriði er varða stefnumörkun um uppbyggingu, rekstur, viðhald og nýtingu eigna sveitarfélagsins, bruna- og eldvarnarmál samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000, byggingarmál, sbr. ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010. Mannvirkja- og framkvæmdanefnd hefur umsjón með nýframkvæmdum á vegum sveitarfélagsins, m.a. nýbyggingum, gatnagerð ásamt uppbyggingu gangstétta og gatnalýsingar. Mannvirkja- og framkvæmdanefnd hefur umsjón með málefnum veitna í sveitarfélaginu, þ.m.t. ljósleiðara, eftir því sem við á, sbr. ákvæði orkulaga nr. 58/1967, ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og ákvæði laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Að auki skal mannvirkja- og framkvæmdanefnd hafa umsjón með löndum og lóðum í eigu eða umsjón sveitarfélagsins svo og göngustígum og merkingum.

### Stjórnir og samstarfsnefndir.

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kýs sveitarstjórn fulltrúa sveitarfélagsins í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Barnaverndarnefnd*. Einn fulltrúi og einn til vara í sameiginlega barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala samkvæmt samningi við samstarfssveitarfélög og skv. 10. og 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
2. *Dvalarheimilið Höfði*. Einn fulltrúi og annar til vara í stjórn Dvalarheimilisins Höfða skv. samningi við samstarfssveitarfélög.
3. *Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands*. Einn fulltrúi í fulltrúaráð, skv. lögum nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
4. *Faxaflóahafnir sf.* Einn aðalmaður og annar til vara í stjórn Faxaflóahafna sf. skv. ákvæðum félagssamnings og skv. hafnalögum nr. 61/2003.
5. *Byggðasafnið í Görðum*. Vegna málefna Byggðasafnsins í Görðum. Einn fulltrúi og annar til vara í menningar- og safnanefnd Akraneskaupstaðar, sbr. skipulagsskrá Byggðasafnsins í Görðum.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi og annar til vara í sameiginlega heilbrigðisnefnd Vesturlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
7. *Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf.* Einn fulltrúi í stjórn og annar til vara, samkvæmt samþykktum félagsins.
8. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins.
9. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi*. Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í stjórn og á aðalfund samkvæmt lögum samtakanna.
10. *Vatnsveitufélag Hvalfjarðar sf.* Kosið er í stjórn félagsins til eins árs í senn í samræmi við ákvæði sameignarfélagssamnings.
11. *Yfirnefnd fjallskilamála*. Einn fulltrúi og annar til vara.
12. *Þróunarfélag Grundartanga ehf.* Einn fulltrúi tilnefndur til setu í stjórn og annar til vara.
13. *Snorrastofa*. Einn fulltrúi tilnefndur til setu og annar til vara, skipun með Skorradalshreppi, ýmist aðal- eða varafulltrúi fyrir hvert kjörtímabil.

### Verkefnabundnar nefndir.

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

## VI. KAFLI

### Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

40. gr.

*Ráðning framkvæmdastjóra/oddvita sem framkvæmdastjóra.*

Sveitarstjórn getur ráðið framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við fram-

kvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

## 41. gr.

*Hlutverk oddvita.*

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélagsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalds í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

## 42. gr.

*Hlutverk framkvæmdastjóra.*

Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

## 43. gr.

*Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Hvalfjarðarsveit og veitir þeim lausn frá starfi.

## 44. gr.

*Um ráðningu annarra starfsmanna.*

Um ráðningu annarra starfsmanna annast framkvæmdastjóri, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt þessari eða með almennum fyrirmælum.

## 45. gr.

*Þagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn Hvalfjarðarsveitar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 46. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Hvalfjarðarsveitar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VII. KAFLI  
**Fjármál sveitarfélagsins.**

47. gr.

*Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.*

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

48. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Framkvæmdastjóri leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitar-sjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

49. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 47. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Oheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

50. gr.

*Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

## 51. gr.

*Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Hvalfjarðarsveitar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 52. gr.

*Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

## 53. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

## VIII. KAFLI

**Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.**

## 54. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningarbærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir- fram ákveðið að svo skuli vera.

Ef 20% kosningarbærra manna eða fleiri krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar ber sveitarstjórn að verða við þeirri kröfu. Sveitarstjórn skal setja nánari verklags- og málsmeðferðarreglur sem kveða nánar á um hvaða ákvarðanir eru tækar til atkvæðagreiðslu og hvernig að þeim og söfnun undirskrifta skuli staðið.

Um almennar atkvæðagreiðslur og framkvæmd þeirra er fjallað í 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## 55. gr.

*Upplýsingar um málefni sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn skal efna til íbúafunda um málefni sem hún álítur mjög þýðingarmikil fyrir sveitarfélagið. Skylt er að efna til íbúafunda um mál ef 10% atkvæðisbærra manna óskar þess. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Á hverju ári skal haldinn íbúafundur um gerð fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn skal upplýsa íbúa sína um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega

Þýðingu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal leitast við að veita íbúum upplýsingar um áhrif slíkra mála og áætlana á þjónustu sveitarfélagsins til skemmri og lengri tíma, fjárhag sveitarfélagsins, umhverfi og markmið sem að er stefnt.

56. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar nr. 554/2013, með síðari breytingum.

*Innviðaráðuneytinu, 25. maí 2022.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

Hafdís Gísladóttir.

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 13. júní 2022